

# Rétt og rangt mál

Gorma bls. 134-135

Lilja Guðný

# Rétt og rangt mál

- Er rétt að segja...?
- Má nota orðið...?
- Stöðug og lifandi umræða um rétt mál og rangt, gott og vont, vandað og óvandað stuðlar að því að fólk áttar sig betur á að ekki er sama hvernig það talar.



- Í íþróttum eru ákveðnar reglur sem ekki má brjóta. En hvernig er háttað um tungumál eins og íslensku? Gilda þar ákveðnar reglur sem ekki má brjóta?



- Og hver er í dómara hlutverki?
- Hér erum við komin að erfiðum atriðum og svör eru ekki alltaf einhlít.

- Börn sem eru að læra málið segja hlutina oft á annan hátt en venja er en skiljast samt.
  - „Fuglinn fljúgaði.“ „Ég finnst þetta gott.“



- Máltaka er flókið ferli sem erfitt er að skilja til hlýtar.
- Ekki er nóg með að barnið þurfi að læra að tjá sig svo við skiljum málleg boð þess, heldur þarf það einnig að læra að tala rétt.

- Börn segja til dæmis: „Þarna eru tveir blómar.”
- En eru það aðeins börn sem „brjóta” reglur málsins á þennan hátt?
- Kunna fullorðnir allar reglur og tala lýtalaust mál?
- Hver dæmir um slíkt?
- Vitaskuld er þetta æði misjafnt og menn eru missnjallir málnotendur, sbr. umsagnir eins og:
  - „Hann er svo vel mæltur að það er unun að hlusta á hann.”
  - „Hann Gunni ætti bara ekki að opna munninn, það kemur allt öfugt út úr honum. Þvílíkur bögubósi.”



- Staðreyndin er sú að málnotkun fullorðinna brýtur ósjandan í bága við reglur um rétt mál.
  - Algeng er t.d. sú málvilla að hafa sögnina **að hlakka** ópersónulega en hana á alltaf að persónubeygja: Páll hlakkar til, krakkarnir hlakka til.
  - Sumir rugla saman þolfalli og þágufalli orða sem standa með ópersónulegum sögnum og segja:
    - mér langar, þeim langar, mönnunum vantar, henni vantar.
    - **Segja á:**
    - mig langar, þá langar, mennina vantar, hana vantar

- Rétt er þó að geta þess að stundum tíðkast svokallaðar **tvímyndir** af sama orðinu og eru báðar taldar réttar.
- Í sumum tilvikum er um staðbundið orðafar að ræða, t.d.
  - kökuformurinn/kökuformið, sykrið/sykurinn
- Í öðrum tilvikum eru orð til í bæði veikri og sterkri beygingu, t.d.
  - eyja/ey, runni/runnur, hólmi/hólmur
- Einnig eru til dæmi um að gamlar orðmyndir lifi samhliða nýjum í málinu, t.d.
  - ket/kjöt, kveld/kvöld, fjörðu/firði

# Varist að leiðast út í lágkúru!

- Nokkurt umburðarlyndi í mállegum efnum er sjálfsagt – en vörumst þó að leiðast út í lágkúru!
- Það aðhald sem reglur veita er nauðsynlegt án þess að opinberir aðilar beiti þar einhverju valdboði.
- Ef við látum reka á reiðanum er hætt við því að tungunni hnigni mjög ört!



- Getið þið sætt ykkur við að þjóð sem hefur samið heimsbókmenntir á stórkostlegu máli á borð við *Hávamál*, *Njáls sögu*, *Heimskringlu* og *Íslandsklukkuna*, gerði málgrein sem þessa á löglegri íslensku:
  - Mér hlakkar til að sjá Reynir og Ýr, systir mína, labba inn kirkjugólfið án þess að kíkja á gestina og draga síðan hringa á puttana á hvort öðru og kyssa síðan hvert annað.
- Leiðréttið þetta snarlega!!!!!!!!!!!!



# Málvillur geta verið af ýmsum toga...

- Beygingarvillur eru ekki einu villurnar!
- Stundum er farið rangt með orðtök.
  - T.d. „Þeir flykktu liði“  
(rétt er: þeir fylktu liði).
- Lýsingarorð, sem aðeins eiga við um lifandi verur, eru tíðum ranglega notuð um dauð fyrirbæri.
  - T.d. djarfar áætlanir og frækin afrek (menn geta verið djarfir og fræknir, ekki áætlanir og afrek).
- Menn rugla oft saman orðum sem hljóma líkt.
  - T.d. samþykki/samþykkt, úrdráttur/útdráttur



# Ekki láta síbylju og innantómt blaður sljóvga málkennd okkar!

- Lesum öndvegisbókmenntir þjóðarinnar. Þær bæði
  - auðga andann og
  - bæta máltilfinningu okkar.
- Almennur skilningur og þekking á málinu er forsenda þess að hér sé hægt að stunda málræktarstörf.
- Við megum þó ekki vera svo hörð að menn þori ekki að taka til máls af ótta við málglöp því hóf er á hverju best.

